

Kennsluleiðbeiningar

„Hvað er barnavernd“

Norsk rannsókn frá árinu 2019 sýndi að helmingur barna og ungmenna sem hafa búið við heimilisofbeldi segja engum frá því. Ein af algengustu ástæðunum var hræðslan við að barnavernd myndi koma að málinu.

Upplýsingagjöf um barnavernd, sem hæfir aldri og þroska, getur unnið gegn hræðslu við að tala um ofbeldi og dregið úr skömminni yfir því að biðja um og fá hjálp. Efnið í flokknum „Hvað er barnavernd?“ getur auðveldað kennurum að miðla þessum upplýsingum til barna. Slík fræðsla getur einnig verið mikilvæg fyrir þá nemendur sem þegar hafa reynslu af aðkomu barnaverndar og til að auðvelda samnemendum þeirra að hjálpa vinum sínum og styðja þá í erfiðum aðstæðum.

Mælt er með því að kennari stýri fræðslunni, annaðhvort með öllum bekknum í kennslustund eða í minni nemendahópum. Nemendurnir ættu ekki að vinna einir með þetta námsefni.

Áður en þú byrjar – góð ráð.

Aðstæður í nemendahópnum

Farðu yfir allt efnið áður en þú notar það í kennslu, gjarnan með samkennara. Kortleggðu þinn nemendahóp og hugleiddu hvort einhver þemu henti þeim sérstaklega vel, eða séu líkleg til að verða þeim erfið.

Eftirfylgni

Gefðu þér nægan tíma með nemendum og vertu vakandi fyrir hugsanlegri þörf á eftirfylgni. Sjáðu til þess að vera til staðar ef nemendur hafa þörf fyrir að spyrja spurninga eða ræða málin eftir að kennslu lýkur.

Leitaðu gjarnan ráða hjá skólahjúkrunarfræðingi eða öðru fagfólki áður en þú byrjar að kenna efnið og sjáðu til þess að nemendur viti hvar og hvenær þeir geta rætt við skólahjúkrunarfræðing eða annað aðgengilegt fagfólk.

Upplýsingar til aðstandenda

Það er gott að upplýsa aðstandendur um efnið sem verið er að fjalla um í bekknum.

[Sjá upplýsingar fyrir aðstandendur um vefinn „Ég veit“:](#)

Hefur þú áhyggjur af barni?

Ef þú hefur áhyggjur af barni þá getur þú aflað þér meiri upplýsinga með því að lesa hvað hægt er að gera [hér](#).

Skólinn er skyldugur til að fylgjast með nemendum og grípa inn í þegar brotið er á nemendum, til dæmis með einelti, ofbeldi, mismunun eða áreitni. Ef skólinn hefur gert allt sem hægt er að gera innan skólans getur hann leitað til Landsteymis sem starfar á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytis. Landsteymið byggir á grunni farsældarlaga og þeirri sýn að kerfin eigi að sameinast um að barn fái þann stuðning sem þarf hverju sinni. Hvatt skal til og veittur stuðningur til þess að mál barns sé unnið á grundvelli þeirra laga og þjónusta sé samþætt þvert á kerfi.

Námsefnið inniheldur eftirfarandi atriði:

1. Hvað er barnavernd?

Texti með upplestri sem fjallar um það að leita sér hjálpar. Öll þurfum við hjálp af og til. Stundum þarf öll fjölskyldan hjálp. Í textanum eru tilgreindar ýmsar ástæður sem geta verið fyrir því að fjölskylda þarf hjálp og sagt frá því hvernig barnavernd getur aðstoðað fjölskyldur sem þurfa á hjálp að halda. Í textanum kemur líka fram að stundum geti verið best fyrir börnin að búa annars

staðar á meðan fullorðna fólkið í fjölskyldunni fær hjálp. Hlutinn „Aðrar spurningar sem koma upp hjá börnum“ styður þennan texta og fer dýpra í hann.

2. Tölum saman

Spurningar sem hvetja til ígrundunar eftir að þið hafið lesið textann eða talað saman um viðfangsefnin í textanum:

Hvað er barnavernd? Hvernig getur barnavernd hjálpað

fjölskyldum? Hvers vegna haldið þið að það sé mikilvægt að fólkið hjá barnavernd tali við börnin í fjölskyldunni? Hvers vegna getur stundum verið erfitt að biðja um hjálp?

Við hvern getið þið talað ef ykkur eða einhverjum sem þið þekkið líður illa?

3. Spurningar og svör: Um Barnavernd

Í þessu verkefni er hægt að smella á ýmsar spurningar sem börn kunna að hafa um efnið. Á bak við hverja spurningu er stutt teiknimynd þar sem barn spyr spurningar og fullorðin manneskja svarar. Handritin að öllum kvikmyndunum er að finna neðst í þessu skjali.

4. Verkefnablað nemenda

Verkefnablað til útprentunar. Verkefnablaðið getur hentað sem samantekt á efninu. Hlustaðu gjarnan á samtöl barnanna á meðan þau vinna verkefnið.